



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins

Reykjavík, 9. september 2024

SFS24090088

TILLAGA

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um gangbraut við Síðumúla

Lagt er til að skóla- og frístundaráð beini því til umhverfis- og skipulagsráðs að kanna fýsileika þess að setja upp tímabundna gangbraut á viðeigandi stað við Síðumúla, t.d. á milli Síðumúla 17 og Síðumúla 16-18, í því skyni að auðvelda starfsfólki leikskólans Brákarborgar að fara með nemendum skólans frá tímabundnu húsnæði skólans í Ármúla 28-30 yfir á leikvöll sem er á milli Háaleitisbrautar og Síðumúla.

Greinargerð:

Aðstæður á Ármúla 28-30, sem nú hýsir starfsemi leikskólans Brákarborgar, eru vart æskilegar. Sem dæmi er útiaðstaðan óhentug fyrir eldri börn skólans. Í nágrenni leikskólans er leikvöllur sem kostur væri að nýta í þágu starfseminnar. Á hinn bóginn er flókið við núverandi aðstæður við Síðumúla að fara með einhvern fjölda barna á leikskólaaldri yfir þá götu. Af þeim ástæðum er tillagan lögð fram.



Reykjavík